

Mál nr. 212/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna slysátryggingar fjölskyldutryggingar.****Tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 29.6.2017, ásamt fylgiskjöllum.
Bréf V, dags. 5.7.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M lenti í slysi heima hjá sér þann 10. júlí 2014. Hún leitaði samdægurs á bráðadeild LSH og var þar greind með liðhlaup í hægri öxl og hafði þá mikla verki við allar hreyfingar. M fékk í kjölfarið tilvísun til sjúkraþjálfara og var í meðferð hjá honum fram í mars 2015 og fékk endurnýjaðar tilvísanir í mars og nóvember 2015 og kveðst hafa verið í sjúkraþjálfun alveg út árið 2016 og á árinu 2017 vegna stoðkerfisvandamála. Slys M var tilkynnt til V þann 5. júlí 2016, en sama dag leitaði M til lögmanns þar sem hún taldi þá að einkenni hennar væru orðið varanleg. M telur að það hafi fyrst verið á árinu 2016 sem henni voru ljós atvik sem krafa hennar um bætur í slysátryggingu fjölskyldutryggingar hennar hjá V er byggð á. Þegar hún hafi tilkynnt um slysið hafi því ekki verið liðið meira en ár í frá því tímamarki í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. M vísar til þess að hún hafi verið í sjúkraþjálfun og ekki mátt gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum atviksins fyrr en þeirri meðferð hafi verið lokið, sem hafi fyrst verið á árinu 2016. V telur að frestur til að tilkynna um tjón M hafi byrjað að líða í mars 2015 og þá hafi M átt að vera ljós atvik sem krafa hennar er byggð á í skilningi fyrrnefndrar 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. V vísar til þess að M hafi verið í viðvarandi sjúkraþjálfun frá því stuttu eftir slysið og fram í mars 2015 vegna áverka sem hún hlaut þá. Ekki sé hins vegar sýnt að sjúkraþjálfun sú sem M var í það sem eftir var ársins 2015 eða á árinu 2016 hafi tengst umræddum áverka.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M leitaði strax á bráðadeild þegar hún slasaðist þann 10. júlí 2014 og fór í kjölfarið í 33 skipti í sjúkraþjálfun skv. vottorði sjúkraþjálfara sem liggur fyrir í málinu, dags. 15. mars 2017. Í því vottorði kemur fram að lok meðferðar vegna axlaráverka M hafi verið í mars 2015 og þá hafi M kvartað um óþægindi og verki við athafnir daglegs lífs. Verður ekki séð að sú sjúkraþjálfun sem M fékk eftir þetta hafi verið til þess fallin eða ætluð að lækna þau einkenni heldur frekar að halda einkennum í lágmarki og færni í hámarki, eins og segir í fyrrnefndu vottorði sjúkraþjálfarans. Af þeim orðum verður ekki annað séð en að M hafi mátt vera það ljóst við lok sjúkraþjálfunarmeðferðar í mars 2015 að einkenni frá öxl væru varanleg. Þá hafði M eitt ár í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga til að tilkynna um tjón sitt. Það gerði hún ekki fyrr en í júlí 2016 og telst tilkynning því hafa borist of seint.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 29. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.